

# Öryggisblað (MSDs)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	<b>Variac Bremsuhreinsir SFDN 500ml</b>		
Vörunúmer:	<b>1985718</b>		
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:			
Viðeigandi notkun	Bremsuhreinsiefni í úðabrusa, byggt á leysiefnum.		
Notkun sem ráðið er frá	Engar upplýsingar fyrirleggjandi.		
1.3 Söluaðili:	<b>KEMI ehf.</b>	<b>Framleiðandi:</b>	Henkel Norden AB
	Tunguhálsi 10		Box 151 22
	110 Reykjavík		S-167 15 Bromma, Svíþjóð
Sími:	4154000		00-46--10-480-7700
Netfang:	<a href="mailto:kemi@kemi.is">kemi@kemi.is</a>		<a href="mailto:ua-productsafety.norden@se.henkel.com">ua-productsafety.norden@se.henkel.com</a>
Veffang:	<a href="http://www.kemi.is">www.kemi.is</a>		<a href="http://www.henkel.com">www.henkel.com</a>
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

## 2. Hættugreining

### 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H222	Úðabrusi með afar eldfimum efnum	Úðabr.1
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	Úðabr.1
H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv.eit.á vatn 2

### 2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættutákn

Viðvörðunarorð **HÆTTA**

Hættusetningar

H222	Úðabrusi með afar eldfimum efnum
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun
H315	Veldur húðertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P210	Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar.
P211	Má ekki úða á opinn eld eða annan íkveikjuvald.
P251	Ekki má gata eða brenna brúsa jafnvel þótt þeir séu tómir.
P261	Andið ekki að ykkur úða/gufu/ýringi.
P264	Þvoið húð vandlega eftir meðhöndlun.
P410+P412	Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C.

Inniheldur:

Vetniskolefni, C6-C7, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, &lt;5% hexan

2.3 **Aðrar hættur:** Úðabrúsi, hlífð við háu hitastigi.  
Sjá einnig 11. og 15. lið.

### 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 **Efni:** Á ekki við

3.2 **Blöndur:** Bílhreinsiefni, alífatísk vetniskolefni.

Vetniskolefni, C6-C7, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, <5% hexan			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119475514-35	Innihald %	75 - <100
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	F, Xi, Xn, N
EINECS, ELINECS	295-763-1	H-setningar	H11, H38, H51, H53, H65, H67
CAS	92128-66-0	Flokkun, hættumerking	Eldfimt, Ertandi, Hættulegt heilsu, Hættulegt umhverfinu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 2 - H225, Eit.v.ásvelg. 1 - H304, Hüðert.2 - H315, SEM-VES 3 - H336, Langv.eit.á vatn 2 - H411			

Koldíoxíð			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - <2,5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	204-606-9	H-setningar	-
CAS	124-38-9	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

**Annað:** Innihaldsefni án flokkunar geta haft takmörkunarfæribreytur vegna notkunar á vinnu-  
stöðum, samkvæmt reglugerð EB Nr. 648/2004 um sápur og hreinsiefni  
Í þessari vöru eru engin slík innihaldsefni.

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

### 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

#### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

<b>Almenn viðbrögð:</b>	Flytjið hinn slasaða af hinu mengaða svæði.
<b>Innöndun</b>	Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og fylgist með líðan. Leitið lækni.
<b>Snerting við húð</b>	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni.
<b>Snerting við augu</b>	Skolið með miklu vatni í amk 10 mín. Haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolun. Leitið augnlækni.
<b>Inntaka</b>	Á ekki við.

#### 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir:

Einkenni: Roði og bólgur í húð, gufa veldur sljóleika og svima.

#### 4.3 Upplýsingar um tafarlausu lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

### 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

#### 5.1 Slökkvibúnaður:

<b>Hentugur slökkvibúnaður:</b>	Veljið slökkviefni eftir aðstæðum hverju sinni. Kælið umbúðir með vatnsúða.
<b>Óhentugur slökkvibúnaður:</b>	Beinn vatnsgeisli.

#### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Eldfim vara, byggð á leysiefnum. Við bruna geta myndast kolefnisoxíð og ertandi lífrænar gufur. Gufa getur borist nokkra leið með gólfi eða jörð að íkveikjuvöldum. Sjá einnig lið 10.

#### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Sjá lið 8 um persónuhlífar. Forðist innöndun reyks og gufu. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Reykið ekki. Notið persónuhlífar. Fjarlægjið eld- og neistagjafa. Varan getur myndað hálkubletti.

### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Tryggið góða loftræstingu. Stöðvið leka, sé það unnt án áhættu. Gerið varnargarða og notið ísogsefni svo sem sand, sag og jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið, sbr. 13.lið.

### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

## 7. Meðhöndlun og geymsla

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægjið alla eld- og neistagjafa. Ekki má gata eða brenna hylki, jafnvel þótt þau séu tóm. Úðið ekki á eld eða glóandi hluti. Gufa getur verið sprengifim. Gufa er þyngri en loft og getur safnast fyrir með gólfi og í lágt liggjandi rými. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Athugið reglur um úðabrusa. Geymið fjarri beinu sólarljósi og hitastigi yfir 50°C.

### 7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Bílhreinsiefni.

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

### 8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m <sup>3</sup>	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m <sup>3</sup>	Annað
Koldíoxíð	5000	9000			WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

### 8.2 Váhrifavarnir:

#### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysi. Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

#### Persónuhlífar

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

#### Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166)

Húð - hendur	Notið efnahelda hanska úr nitrílgúmmíi (EN 374, skiptið oft um hanska). (skammtímanotkun >30 mín, verndarstuðull 2 >0,4 mm þykkt, langtímanotkun >480 mín, verndarstuðull 6 >0,4 mm þykkt.)
Húð - annað Öndunarfæri	Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar. Sé loftræsting ófullnægjandi, skal nota öndunargrímu með síu af gerð ABEK P2, eða sjálfstæðan öndunarbúnað við mjög háan styrk.

---

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

---

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi (aerosol-úðabrúsi)
Lykt:	Vetniskolefnalykt
Litur:	Litlaus
Blossamark:	-9°C
Suðumark:	88°C
Lægri sprengimörk í lofti:	0,8%
Hærri sprengimörk í lofti:	7,7%
Gufuþrýstingur 20°C):	246 mbar
Eðlismassi við 20°C:	0,735 g/cm <sup>3</sup>

### 9.2 Aðrar upplýsingar:

---

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

---

### 10.1 Hvarfgirni:

Hvarfast við oxara.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Sjá 10.1.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, eld- og neistagjafar. Hitastig >50°C.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Oxarar.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Eldfim vara, byggð á leysiefnum. Við bruna geta myndast kolefnisoxíð og ertandi lífrænar gufur. Gufa getur borist nokkra leið með gólfi eða jörð að íkveikjuvöldum.

---

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

---

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Almennt:	Við ætlaða notkun vörunnar er samkvæmt bestu vitneskju framleðanda, ekki vitað um heilsufarslegar hættur.
Bráð eiturhrif:	
Innöndun	Getur valdið sljóleika og svima.
Húð	Veldur húðertingu.

---

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

---

### 12.1 Eiturhrif:

Almennt: Varan er flokkuð samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum um eiturhrif innihaldsefna eins og þau eru skilgreind í flokkunarreglum fyrir efnablöndur í hverjum hættuflokki, skv. Viðauka 1 við reglugerð 1272/2008 EB.

Gerið ráðstafanir gagnvart hugsanlegri mengun af völdum innihaldsefna vörunnar.  
Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Vetniskolefni, C6-C7, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, <5% hexan					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	EC <sub>50</sub>	3 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturhrif	NOEC	0,17 mg/l	21 d	Daphnia	OECD 211
Þrávirkni og niðurbrot		98%			OECD 301F loftháð

## 12.2 Þrávirkni og niðurbrot

Niðurbrot yfirborðsvirkra efna (EB/648/2004). Í vörunni eru engin virk efni, sem skilgreind eru af EB í ofangreindri tilskipun um sápu og hreinsiefni.

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

#### Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokk(um):  
14 06 03 (aðrir leysar og leysablöndur)

#### Óhreinar umbúðir

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

## 14. Upplýsingar um flutninga

#### ADR:

UN Númer 1950  
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS  
Hættuflokkur: 2.1  
Pökkunarflokkur: -  
Hættuundirflokkur: 5F  
Mengunarhætta: E1

#### Varúðarmerking



#### IMDG:

UN Númer 1950  
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS, SOLVENT NAPHTHA  
Hættuflokkur: 2.1  
EmS: F-D, S-U  
Pökkunarflokkur: -  
Mengunarhætta: E1



#### IATA:

UN Númer 1950  
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS, FLAMMABLE  
Hættuflokkur: 2.1  
Pökkunarflokkur: -



#### Aðrar varúðarráðstafanir:

Tryggið fullnægjandi þjálfun starfsmanna við flutning á hættulegum efnum.

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), 67/548 EB (DSD), 1999/45 EB (DPD). 2004/42 og 13/01/2010.

Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

VOC innihald (EB reglugerð 1999/13): 97,6% 707,6 g/l

### 15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

## 16. Aðrar upplýsingar

---

### Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H304	Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg
H315	Veldur húðertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H411	Eitrað lífi í vatni með langvinnum áhrifum

Útgáfa/Dags: 1 / 22.08.2015

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **HENKEL NORDEN**  
**SIKKERHEDSDATBLAD**  
**VARIAC BRAKE CLEANER SFDN 500ML**

Endurskoðað: 31.05.2015 (útgáfa V002.2)

Kemur í stað útgáfu: 27.01.2015